

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 293/2022

2023/EES/48/04

frá 9. desember 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka  
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/566 frá 7. apríl 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flútíaníl í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0566:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/566 frá 7. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 109, 8.4.2022, bls. 35).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0566:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/566 frá 7. apríl 2022 (Stjtið. ESB L 109, 8.4.2022, bls. 35).“

3. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2022/566, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 109, 8.4.2022, bls. 35.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður